

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>EES-ráðið</b>	
	2.	<b>Sameiginlega EES-nefndin</b>	
	3.	<b>Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>	
	4.	<b>Ráðgjafarnefnd EES</b>	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Fastanefnd EFTA-ríkjanna</b>	
	2.	<b>Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
2007/EES/50/01		Orðsending Eftirlitsstofnunar EFTA – Tilkyning um reglur um aðgang að málskjöllum Eftirlitsstofnunar EFTA í málum sem falla undir 53., 54. og 57. gr. EES-samningsins . . .	1
2007/EES/50/02		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól – Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum – Aðstoðarkerfi vegna miðstöðva fyrir rannsóknamiðaða nýsköpun . . . . .	11
2007/EES/50/03		Aðstoðarkerfi sem hefur þann tilgang að draga úr losun níturoxíða frá skipum í norsku skipaskránni (NOR) . . . . .	12
2007/EES/50/04		Auglýst eftir athugasemdum, í samræmi við 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um ríkisaðstoð í tengslum við sölu og leigu flugvallarins í Lista á vegum stjórnvalda í Noregi . . . . .	13
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Ráðið</b>	
	2.	<b>Framkvæmdastjórnin</b>	
2007/EES/50/05		Tilkyning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4801 – OEP/Schoeller/SAS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	28
2007/EES/50/06		Tilkyning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4872 – Eurovia/Compagnie Signature/JV) . . . . .	29

<b>2007/EES/50/07</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4890 – Arcelor/SFG) . . . . .	<b>30</b>
<b>2007/EES/50/08</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4929 – Fiat/Ergom) . . . . .	<b>31</b>
<b>2007/EES/50/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4933 – Emerson Electric Co./Motorola ECC) . . . . .	<b>32</b>
<b>2007/EES/50/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4936 – Benteler/SGLT/JV) . . . . .	<b>33</b>
<b>2007/EES/50/11</b>	Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4825 – SFR/Somart/Débitel France) . . . . .	<b>34</b>
<b>2007/EES/50/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4623 – Vinci Construction/Solétanche) . . . . .	<b>34</b>
<b>2007/EES/50/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4671 – UTC/Initial ESG) . . . . .	<b>34</b>
<b>2007/EES/50/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4682 – INEOS/Lanxess' Engineering Thermoplastic Resins Business) . . . . .	<b>35</b>
<b>2007/EES/50/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4692 – Barclays/ABN Amro) . . . . .	<b>35</b>
<b>2007/EES/50/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4737 – Sabic/GE Plastics) . . . . .	<b>36</b>
<b>2007/EES/50/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4742 – Oxbow/SSM) . . . . .	<b>36</b>
<b>2007/EES/50/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4744 – INEOS/Borealis) . . . . .	<b>37</b>
<b>2007/EES/50/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4785 – Russian Machines/Magna) . . . . .	<b>37</b>
<b>2007/EES/50/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4798 – BP/Associated British Foods/JV) . . . . .	<b>38</b>
<b>2007/EES/50/21</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4845 – Santander/ABN Amro) . . . . .	<b>38</b>
<b>2007/EES/50/22</b>	Ríkisaðstoð – Bretland – Málsnúmer C 23/2007 (áður N 118/2007) – Vauxhall Motors Ltd – Aðstoð vegna fræðslustarfs í Ellesmere Port – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans . . . . .	<b>39</b>
<b>2007/EES/50/23</b>	Ríkisaðstoð – Finnland – Málsnúmer C 25/2007 (áður NN 26/2007) – Meint ríkisaðstoð í tengslum við starfsemi Ryanair á flugvælinum í Tampere-Pirkkala – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans . . . . .	<b>39</b>
<b>2007/EES/50/24</b>	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer C 36/07 (áður NN 25/07) – Ríkisstyrkir sem runnið hafa til fyrirtækisins Deutsche Post AG – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans . . . . .	<b>40</b>

<b>2007/EES/50/25</b>	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer 33/07 (áður N 729/06 og N 339/06) – Áhættufjármögnunarsjóðurinn IBG í sambandsríkinu Sachsen-Anhalt – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans . . . . .	40
<b>2007/EES/50/26</b>	Tilkynning stjórnvalda í Frakklandi um breytingu á ákvæðum um almannajónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug milli meginlands Frakklands og Guadeloupe, Frönsku Giönu, Martinique og Réunion . . . . .	41

**3. Dómstóllinn**

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ORÐSENDING EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2007/EES/50/01

**Tilkynning um reglur um aðgang að málskjöllum Eftirlitsstofnunar EFTA í málum sem falla undir 53., 54. og 57. gr. EES-samningsins**

- A. Þessi tilkynning er gefin út í samræmi við ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir) og samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (er nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir).
- B. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (er nefnist „framkvæmdastjórnin“ í því sem hér fer á eftir) hefur gefið út tilkynningu með heitinu „Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um reglur um aðgang að málskjöllum framkvæmdastjórnarinnar í málum sem falla undir 81. og 82. gr. EB-sáttmálans, 53., 54. og 57. gr. EES-samningsins og reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004“<sup>(1)</sup>. Sú gerð er ekki bindandi en hefur að geyma sjónarmið sem framkvæmdastjórnin styðst við í tengslum við ákvarðanir um aðgang að málskjöllum framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003<sup>(2)</sup>, 1. mgr. 15. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004<sup>(3)</sup>, 1. og 3. mgr. 18. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004<sup>(4)</sup> og 1. mgr. 17. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004<sup>(5)</sup>.
- C. Það er álit Eftirlitsstofnunar EFTA að ofangreind gerð varði Evrópska efnahagssvæðið. Tilkynning þessi er gefin út í því skyni að viðhalda jafngildum samkeppnisskilyrðum og tryggja að samkeppnisreglum EES-samningsins sé beitt með sama hætti á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Byggt er á valdheimildum Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Stofnunin mun styðjast við sjónarmið og reglur, sem mælt er fyrir um í tilkynningunni, þegar viðeigandi reglum EES-samningsins er beitt í einstökum málum.

### I. INNGANGSORÐ – EFNI TILKYNNINGARINNAR

1. Aðgangur að málskjöllum Eftirlitsstofnunar EFTA er eitt þeirra atriða sem ætlað er að tryggja öryggi við málsmeðferð í samræmi við regluna um jafnræði málsaðila og réttinn til að halda uppi vörnum. Kveðið er á um aðgang að málskjöllum í 1. og 2. mgr. 27. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (er nefnist „II. kafli“ í því sem hér fer á eftir)<sup>(6)</sup>, 1. mgr. 15. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (er nefnist „III. kafli“ í því sem hér fer á eftir)<sup>(7)</sup> og 1. og 3. mgr. 18. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 325, 22.12.2005, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans, Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1–25.

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans, Stjtið. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 18–24.

<sup>(4)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1–22.

<sup>(5)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, Stjtið. ESB L 133, 30.4.2004, bls. 1–39. Leiðréttingar hafa verið birtar í Stjtið. ESB L 172, 6.5.2004, bls. 9.

<sup>(6)</sup> Eftir að samningur um breytingu á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 24. september 2004 öðlaðist gildi hinn 20. maí 2005 endurspeglar II. kafli bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að miklu leyti í EFTA-stoðinni efni reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002.

<sup>(7)</sup> Eftir að samningur um breytingu á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 3. desember 2004 öðlaðist gildi 1. júlí 2005 endurspeglar III. kafli bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól efni reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004.

um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(8)</sup> (er nefnist „XIII. kafli“ í því sem hér fer á eftir)<sup>(9)</sup>. Samkvæmt þessum ákvæðum ber eftirlitsstofnuninni, áður en ákvarðanir eru teknar á grundvelli 7., 8. og 23. gr. og 2. mgr. 24. gr. III. kafla og 3. mgr. 6. gr., 3. mgr. 7. gr., 2.–6. mgr. 8. gr., 14. gr. og 15. gr. XIII. kafla, að gefa einstaklingum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja, eftir því sem við á hverju sinni, kost á að koma á framfæri sjónarmiðum um andmæli sem beint hefur verið til þeirra og veita þeim aðgang að málsskjölum eftirlitsstofnunarinnar til þess að tryggja að réttur þeirra til að halda uppi vörnum sé virtur að fullu við málsmeðferðina. Tilkynningin, sem hér birtist, hefur að geyma reglur um framkvæmd réttindanna sem mælt er fyrir um í ofangreindum ákvæðum. Hún tekur ekki til hugsanlegs aðgangs að skjölum í tengslum við annars konar málsmeðferð. Tilkynningin er gefin út með fyrirvara um túlkun ákvæðanna af hálfu EFTA-dómstólsins, Evrópudómstólsins og undirréttar EB.

2. Sá sértæki réttur, sem vísað er til hér á undan, er frábrugðinn því sem kveðið er á um í almennum reglum eftirlitsstofnunarinnar um aðgang að skjölum<sup>(10)</sup> sem byggjast á öðrum viðmiðum og undantekningum og gegna öðrum tilgangi.
3. Hugtakið aðgangur að málsskjölum er í þessari tilkynningu notað eingöngu um aðgang sem Eftirlitsstofnun EFTA veitir einstaklingum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem hún hefur sent andmælagreinargerð. Í tilkynningunni er skýrt hverjir eiga rétt á aðgangi að málsskjölum í þessu tilliti.
4. Sama hugtak, eða hugtakið aðgangur að skjölum, er einnig notað í ofangreindum köflum með tilvísun til kvartenda eða annarra hlutaðeigenda. Slík tilvik eru þó frábrugðin því sem á við um viðtakendur andmælagreinargerðar og falla því ekki undir skilgreiningu á hugtakinu aðgangur að málsskjölum að því er þessa tilkynningu varðar. Fjallað er um hliðstæð tilvik af þessu tagi í sérstökum kafla tilkynningarinnar.
5. Í tilkynningunni er einnig fjallað um til hvaða upplýsinga aðgangurinn nær, á hvaða tímamarki hann er veittur og samkvæmt hvaða tilhögun aðgangur að málsskjölum er veittur.
6. Í reglum um aðgang að málsskjölum, sem fjallað er um í þessari tilkynningu, er tekið mið af hinum breytta texta II., III. og XIII. kafla<sup>(11)</sup>, auk ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 177/02/COL frá 30. október 2002 um starfssvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum<sup>(12)</sup>. Jafnframt er tekið mið af nýlegri dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og undirréttar EB<sup>(13)</sup> og stjórnsýsluframkvæmd sem mótast hefur hjá Eftirlitsstofnun EFTA, auk stjórnsýsluframkvæmdar sem mótast hefur hjá framkvæmdastjórninni í framhaldi af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um aðgang að málsskjölum frá árinu 1997<sup>(14)</sup>.

<sup>(8)</sup> Eftir að samningur frá 4. júní 2004 um breytingu á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls öðlaðist gildi hinn 20. maí 2005 samsvara 4. og 5. mgr. 4. gr. og 6.–24. gr. XIII. kafla greinum sem þannig eru tölusettar í reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004. (Ákvæði 1.–3. gr., 1.–3. mgr. 4. gr. og 5. gr. þeirrar reglugerðar er að finna í gerðinni sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004).)

<sup>(9)</sup> Ákvæði um aðgang að málsskjölum er einnig að finna í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 802/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, Stjtið. ESB L 133, 30.4.2004, bls. 1–39. Leiðréttingar hafa verið birtar í Stjtið. ESB L 172, 6.5.2004, bls. 9 (reglugerðin nefnist „reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála“ í því sem hér fer á eftir). Þessi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar verður væntanlega felld inn í EES-samninginn og samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Þar eð gert er ráð fyrir að í kjölfar breytinga á bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól muni hún hafa að geyma ákvæði, sem samsvara ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, mun Eftirlitsstofnun EFTA einnig taka tillit til, og vísa til, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála í því sem hér fer á eftir.

<sup>(10)</sup> Sjá viðmiðunarreglur Eftirlitsstofnunar EFTA um upplýsingamál, sem finna má á eftirfarandi slóð: <http://www.efstasurv.int/information/dbaFile449.html>.

<sup>(11)</sup> Auk reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan.

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 80, 27.3.2003, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 16, 27.3.2003, bls. 2.

<sup>(13)</sup> Einkum sameinuð mál T-25/95 o.fl., *Cimenteries CBR SA o.fl. gegn framkvæmdastjórninni*, [2000] ECR II-0491. Í 6. gr. EES-samningsins er kveðið á um að með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni beri við framkvæmd og beitingu ákvæða EES-samningsins að túlka þau ákvæði, sem séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Evrópubandalagsins og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála, í samræmi við þá dóma Dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðin hafa verið upp fyrir undirritunardag EES-samningsins. Af ákvæðum 2. mgr. 3. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól leiðir að Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum ber að taka tilhlyðilegt tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í viðkomandi dómum Dómstóls Evrópubandalaganna sem kveðin eru upp eftir undirritunardag EES-samningsins.

<sup>(14)</sup> Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar um innri reglur um málsmeðferð vegna umsókna um aðgang að málsskjölum í málum sem falla undir ákvæði 85. og 86. gr. [nú 81. og 82. gr.] EB-sáttmálans, 65. og 66. gr. stofnsáttmála KSE og reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89, Stjtið. EB C 23, 23.1.1997, bls. 3. Eins og fram kemur í 58. gr. EES-samningsins og bókun 23 við hann ber eftirlitsstofnuninni og framkvæmdastjórninni að hafa með sér samvinnu, m.a. annars með það fyrir augum að stuðla að einleitri framkvæmd, beitingu og túlkun samningsins. Þó að ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar séu ekki bindandi fyrir eftirlitsstofnunina mun hún af þessum sökum leitast við að taka tilhlyðilegt tillit til stjórnsýsluframkvæmdar framkvæmdastjórnarinnar.

## II. GILDISSVIÐ ÁKVÆÐA UM AÐGANG AÐ MÁLSSKJÖLUM

### A. Hverjir eiga rétt á aðgangi að málsskjölum?

7. Ákvæði um aðgang að málsskjölum, sjá 1. mgr., hafa þann tilgang að tryggja raunhæfa framkvæmd réttarins til að halda uppi vörnum gegn andmælum sem Eftirlitsstofnun EFTA leggur fram. Bæði í málum, sem falla undir ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins, og málum, sem falla undir ákvæði 57. gr. EES-samningsins, er í þessum tilgangi veittur aðgangur, ef eftir er leitað, þeim aðilum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja<sup>(15)</sup>, eftir því sem við á hverju sinni, sem eftirlitsstofnunin hefur beint andmælum til<sup>(16)</sup> (og nefnast hér „málsaðilar“).

### B. Til hvaða skjala nær aðgangurinn?

#### 1. Efnis sem er að finna í málsskjölum Eftirlitsstofnunar EFTA

8. Til „málsskjala Eftirlitsstofnunar EFTA“ í rannsókn á sviði samkeppnismála (er nefnast einnig „málsskjöl“ í því sem hér fer á eftir) teljast öll skjöl<sup>(17)</sup> sem samkeppnis- og ríkisaðstoðarskrifstofa Eftirlitsstofnunar EFTA hefur aflað, ritað og/eða sett saman meðan á rannsókninni stendur.
9. Í tengslum við rannsókn, sem fram fer á grundvelli 20. gr., 21. gr. og 2. mgr. 22. gr. II. kafla og 12. og 13. gr. XIII. kafla, kann Eftirlitsstofnun EFTA að safna að sér ýmsum skjölum sem reynast við nánari athugun ótengd rannsóknaratriðum málsins. Slík skjöl kunna þá að verða endursend fyrirtækinu sem þeirra var aflað hjá. Eftir að skjölunum hefur verið skilað teljast þau ekki lengur til málsskjala.

#### 2. Skjöl sem aðgangur er veittur að

10. Málsaðilar verða að geta kynnt sér upplýsingar sem er að finna í málsskjölum Eftirlitsstofnunar EFTA til þess að geta á grundvelli þeirra gert glögga grein fyrir álitinu á bráðabirgðaniðurstöðum eftirlitsstofnunarinnar í andmælagreinargerðinni. Í þessu skyni verður þeim veittur aðgangur að öllum skjölum í málsskjölum eftirlitsstofnunarinnar, eins og þau eru skilgreind í 8. mgr., að frátöldum innanhússkjölum, viðskiptaleyndarmálum annarra fyrirtækja og öðrum trúnaðarupplýsingum<sup>(18)</sup>.
11. Veittur er aðgangur að niðurstöðum aðkeypra athugana sem fara fram í tengslum við málsmeðferðina, ásamt upplýsingum um verklýsingu hvernar athugunar og aðferðafræðina sem stuðst er við. Þó getur reynst nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að verja hugverkaréttindi.

#### 3. Skjöl sem aðgangur er ekki veittur að

##### 3.1. Innanhússkjöl

###### 3.1.1 Almenn sjónarmið

12. Ekki er unnt að byggja á innanhússkjölum um atriði sem horfa til sakar eða sýknu<sup>(19)</sup>. Þau teljast ekki til þeirra gagna sem Eftirlitsstofnun EFTA getur byggt á við mat á málum. Málsaðilum verður

<sup>(15)</sup> Í því sem eftir fer af þessari tilkynningu er hugtakið „fyrirtæki“ notað um bæði fyrirtæki og samtök fyrirtækja. Hugtakið „aðili“ er notað um bæði einstaklinga og lögaðila. Margar rekstrareiningar eru bæði lögaðilar og fyrirtæki og falla þá undir bæði hugtökin. Hið sama á við þegar einstaklingur er fyrirtæki í skilningi 53. og 54. gr. EES-samningsins. Í samrunamálum ber einnig að taka tillit til aðila sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004), jafnvel þegar um einstaklinga er að ræða. Þegar rekstrareiningar, sem hafa ekki stöðu lögaðila og eru ekki heldur fyrirtæki, öðlast aðild að samkeppnismáli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur til meðferðar beitir eftirlitsstofnunin eftir því sem við á grundvallarreglum sem lýst er í þessari tilkynningu, að breyttu breytanda.

<sup>(16)</sup> Sbr. 1. mgr. 15. gr. III. kafla, 3. mgr. 18. gr. XIII. kafla og 1. mgr. 17. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmg. hér á undan.

<sup>(17)</sup> Í þessari tilkynningu er hugtakið „skjal“ notað um upplýsingar í hvaða mynd sem vera skal, óháð því hvaða geymslumiðill er notaður. Hér er einnig átt við rafræna gagnageymslumiðla sem kunna að vera eða verða tiltækir.

<sup>(18)</sup> Sbr. 2. mgr. 27. gr. II. kafla, 2. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. III. kafla og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmg. hér á undan. Þessara undantekninga er einnig getið í máli T-7/89, *Hercules Chemicals gegn framkvæmdastjórninni*, [1991] ECR II-1711, 54. mgr. Í undirrétti EB hafa fallið dómur þess efnis að framkvæmdastjórnin hafi ekki ein vald til að ákveða hvaða skjöl í málsskjölunum geti nýst varnaraðila (sbr. mál T-30/91 *Solvay gegn framkvæmdastjórninni*, [1995] ECR II-1775, 81.–86. mgr., og mál T-36/91 *ICI gegn framkvæmdastjórninni*, [1995] ECR II-1847, 91.–96. mgr.).

<sup>(19)</sup> Dæmi um innanhússkjöl eru uppköst, álitsgerðir, minnisblöð eða athugasemdir frá skrifstofum eftirlitsstofnunarinnar eða öðrum stjórnvöldum sem koma við sögu í málinu

Því ekki veittur aðgangur að innanhússkjölum í málskjölum eftirlitsstofnunarinnar <sup>(20)</sup>. Þar eð innanhússkjöl hafa ekkert sönnunargildi kemur þessi takmörkun á aðgangi að þeim ekki niður á eðlilegri framkvæmd réttar málsaðila til að halda uppi vörnum <sup>(21)</sup>.

13. Eftirlitsstofnun EFTA er ekki skylt að halda fundargerðir vegna funda með aðilum eða með fulltrúum fyrirtækja <sup>(22)</sup>. Ef eftirlitsstofnunin fer þá leið að skrifa niður það sem fram fer á slíkum fundum teljast skjöl af því tagi eigin túlkun stofnunarinnar á því sem sagt var á fundunum, og eru af þeim sökum flokkuð sem innanhússkjöl. Hafi aðilinn eða fyrirtækið hins vegar samþykkt fundargerðina verður veittur aðgangur að henni eftir að fjarlægð hafa verið viðskiptaleyndarmál og aðrar trúnaðarupplýsingar sem þar kann að vera að finna. Samþykktar fundargerðir af þessu tagi teljast til þeirra gagna sem Eftirlitsstofnun EFTA getur byggt á við mat á málum <sup>(23)</sup>.
14. Þegar um ræðir athuganir, sem fara fram í tengslum við málsmeðferðina, teljast til innanhússkjala bréfaskipti milli Eftirlitsstofnunar EFTA og verktakans um mat á vinnu hans eða fjárhagslegar hliðar athugunarinnar, og verður því ekki veittur aðgangur að slíkum bréfum.

### 3.1.2 Bréfaskipti við önnur stjórnvöld

15. Bréfaskipti Eftirlitsstofnunar EFTA við önnur stjórnvöld og innanhússkjöl, sem berast frá slíkum yfirvöldum, teljast til sérstaks flokks innanhússkjala. Eftirfarandi eru dæmi um skjöl af því tagi sem ekki verður veittur aðgangur að:
  - Bréfaskipti milli eftirlitsstofnunarinnar og samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum, eða bréfaskipti milli síðarnefndu yfirvaldanna <sup>(24)</sup>
  - Bréfaskipti milli eftirlitsstofnunarinnar og annarra stjórnvalda í EFTA-ríkjunum <sup>(25)</sup>
  - Bréfaskipti milli eftirlitsstofnunarinnar, framkvæmdastjórnarinnar og stjórnvalda í aðildarríkjum Evrópusambandsins
  - Bréfaskipti milli eftirlitsstofnunarinnar og stjórnvalda í öðrum ríkjum, m.a. samkeppnisyfirvalda
16. Í vissum undantekningartilvikum verður veittur aðgangur að skjölum sem aflað hefur verið frá EFTA-ríkjunum, framkvæmdastjórninni eða aðildarríkjum Evrópusambandsins eftir að fjarlægð hafa verið viðskiptaleyndarmál og aðrar trúnaðarupplýsingar sem þar kann að vera að finna. Áður en aðgangur er veittur að skjalinu skoðar Eftirlitsstofnun EFTA í samráði við sendanda skjalsins hvort það hafi að geyma viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar.

Þannig háttar til þegar skjöl frá EFTA-ríkjunum hafa að geyma áskanir í garð málsaðila sem Eftirlitsstofnun EFTA er skylt að rannsaka eða eru hluti sönnunargagna í rannsókninni með svipuðum hætti og skjöl sem aflað er frá einkaaðilum. Þessi sjónarmið eiga einkum við að því er varðar eftirtalið:

- Skjöl og upplýsingar sem skipst er á í samræmi við 12. gr. II. kafla og upplýsingar sem berast eftirlitsstofnuninni í samræmi við 6. mgr. 18. gr. II. kafla
- Kvartanir sem EFTA-ríkin leggja fram á grundvelli 2. mgr. 7. gr. í II. kafla

Aðgangur verður einnig veittur að skjölum sem aflað hefur verið hjá EES-ríkjunum eða framkvæmdastjórninni ef þau skipta máli um varnir málsaðila að því er varðar meðferð Eftirlitsstofnunar EFTA á valdheimildum <sup>(26)</sup>.

<sup>(20)</sup> Sbr. 2. mgr. 27. gr. II. kafla, 2. mgr. 15. gr. III. kafla og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan.

<sup>(21)</sup> Sbr. 1. mgr. hér á undan.

<sup>(22)</sup> Sjá að þessu leyti dóm frá 30. september 2003 í sameinuðum málum T-191/98 og T-212/98 til T-214/98 *Atlantic Container Line o.fl. gegn framkvæmdastjórninni (TACA)*, [2003] ECR II-3275, 349–359. mgr.

<sup>(23)</sup> Skýrslur, sem skráðar eru í samræmi við 19. gr. eða e-lið 2. mgr. 20. gr. II. kafla eða e-lið 2. mgr. 13. gr. XIII. kafla, tilheyra að jafnaði einnig þeim skjölum sem aðgangur er veittur að (sjá 10. mgr. hér á undan).

<sup>(24)</sup> Sbr. 2. mgr. 27. gr. II. kafla, 2. mgr. 15. gr. III. kafla og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan. Í þessari tilkynningu merkir hugtakið „EFTA-ríki“ þau EFTA-ríki sem eiga aðild að EES-samningnum.

<sup>(25)</sup> Sjá að þessu leyti úrskurð undirréttar EB í málum T-134/94 o.fl. *NMH Stahlwerke o.fl. gegn framkvæmdastjórninni* [1997] ECR II-2293, 36. mgr., og mál T-65/89, *BPB Industries og British Gypsum* [1993] ECR II-389, 33. mgr.

<sup>(26)</sup> Á sviði samrunaefirlits getur þetta einkum átt við um skjöl sem berast frá EFTA-ríki í samræmi við ákvæði 2. mgr. 9. gr. XIII. kafla í tengslum við framsendingu máls.

### 3.2. Trúnaðarupplýsingar

17. Í málsskjöllum Eftirlitsstofnunar EFTA getur einnig verið að finna skjöl sem hafa að geyma upplýsingar af tvennu tilteknu tagi, þ.e. viðskiptaleyndarmál og aðrar trúnaðarupplýsingar, sem aðgangur er alls ekki veittur að eða aðeins að hluta til <sup>(27)</sup>. Eftir því sem unnt er verður veittur aðgangur að breyttri útgáfu af upprunalegu upplýsingunum án trúnaðarupplýsinga. Verði trúnaðar ekki gætt nema með því að birta aðeins ágríp af viðkomandi upplýsingum verður veittur aðgangur að slíku ágrípi. Unnt er að veita aðgang að öllum öðrum skjölum í upprunalegri mynd.

#### 3.2.1 Viðskiptaleyndarmál

18. Þegar þannig stendur á að afhending upplýsinga um atvinnustarfsemi fyrirtækis gæti valdið fyrirtækinu miklum skaða teljast slíkar upplýsingar til viðskiptaleyndarmála <sup>(28)</sup>. Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem geta talist viðskiptaleyndarmál: tæknilegar og/eða fjárhagslegar upplýsingar sem varða kunnáttu sem fyrirtæki býr yfir, aðferðir til að áætla kostnað, framleiðsluleyndarmál og framleiðsluáðferðir, aðfangaleiðir, framleiðslutölur og sölutölur, markaðshlutdeild, skrár yfir viðskiptamenn og dreifendur, markaðsáætlanir, uppbygging framleiðslukostnaðar og söluverðs og sölustefna.

#### 3.2.2 Aðrar trúnaðarupplýsingar

19. Flokkaðar eru sem „aðrar trúnaðarupplýsingar“ þær upplýsingar sem eru ekki viðskiptaleyndarmál en geta talist trúnaðarmál vegna þess að afhending þeirra kynni að valda aðila eða fyrirtæki umtalsverðum skaða. Eftir aðstæðum í hverju tilviki getur þetta átt við um upplýsingar frá utanaðkomandi aðilum um fyrirtæki sem eiga þess kost að beita keppinauta sína, viðskiptafélaga, viðskiptavini eða birgja mjög miklum efnahagslegum eða viðskiptalegum þrýstingi. Réttmætt er að synja slíkum fyrirtækjum um aðgang að tilteknum bréfum sem berast frá viðskiptavinum þeirra, enda gæti afhending þeirra orðið til þess að höfundarnir yrðu látnir sæta gagnaðgerðum <sup>(29)</sup>. Hugtakið aðrar trúnaðarupplýsingar getur því náð til upplýsinga sem geta gert málsaðilum kleift að bera kennsl á kvartendur eða aðra sem hafa réttmætar ástæður fyrir því að fá að njóta nafnleynar.

20. Hernaðarleyndarmál teljast einnig til annarra trúnaðarupplýsinga.

#### 3.2.3 Skilyrði fyrir því að samþykkja beiðnir um trúnaðarmeðferð

21. Upplýsingar verða flokkaðar sem trúnaðarmál ef viðkomandi aðili eða fyrirtæki hefur gert kröfu til þess og Eftirlitsstofnun EFTA hefur fallist á þá kröfu <sup>(30)</sup>.
22. Kröfur um trúnaðarmeðferð verða að lúta að upplýsingum sem samsvara ofangreindum lýsingum á viðskiptaleyndarmálum og öðrum trúnaðarupplýsingum. Skytt er að færa rök fyrir því að tiltekna upplýsingar skuli teljast viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar <sup>(31)</sup>. Kröfur um trúnaðarmeðferð geta að jafnaði aðeins tekið til upplýsinga sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur aflað frá aðilanum eða fyrirtækinu sem leggur fram kröfuna, en ekki upplýsinga sem borist hafa frá öðrum.
23. Að jafnaði teljast ekki til trúnaðarmála upplýsingar sem varða fyrirtæki en eru þegar kunnar utan þess (utan samstæðunnar þegar um fyrirtækjasamstæðu er að ræða) eða utan samtaka sem fyrirtækið hefur látið þær í té <sup>(32)</sup>. Séu upplýsingar orðnar lítt mikilvægar í viðskiptalegum

<sup>(27)</sup> Sbr. 1. mgr. 16. gr. III. kafla og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan, mál T-7/89 *Hercules Chemicals NV gegn framkvæmdastjórninni*, [1991] ECR II-1711, 54. mgr.; mál T-23/99, *LR AF 1998 A/S gegn framkvæmdastjórninni*, [2002] ECR II-1705, 170. mgr.

<sup>(28)</sup> Dómur frá 18. september 1996 í máli T-353/94, *Postbank NV gegn framkvæmdastjórninni*, [1996] ECR II-921, 87. mgr.

<sup>(29)</sup> Dómstólar Evrópubandalaganna hafa fjallað um þetta atriði í tengslum við samsvarandi ákvæði í bandalagsreglum, bæði í málum er varða meinta misnotkun á markaðsráðandi stöðu (82. gr. EB-sáttmálans) (mál T-65/89, *BPB Industries og British Gypsum* [1993] ECR II-389; og mál C-310/93P, *BPB Industries og British Gypsum* [1995] ECR I-865), og í samrunamálum (mál T-221/95 *Endemol gegn framkvæmdastjórninni* [1999] ECR II-1299, 69. mgr., og mál T-5/02 *Laval gegn framkvæmdastjórninni* [2002] ECR II-4381, 98. mgr. og áfram).

<sup>(30)</sup> Sjá 40. mgr. hér á eftir.

<sup>(31)</sup> Sjá 35. mgr. hér á eftir.

<sup>(32)</sup> Viðskiptaleyndarmál og aðrar trúnaðarupplýsingar, sem berast atvinnugreinasamtökum frá meðlimum, hætta þó ekki að teljast trúnaðarupplýsingar að því er varðar aðra aðila og er því óheimilt að afhenda þær kvartendum. Sbr. sameinuð mál 209 til 215 og 218/78, *Fedetab*, [1980] ECR 3125, 46. mgr.



skilningi, til að mynda vegna þess hversu langur tími er liðinn, geta þær ekki lengur talist trúnaðarmál. Eftirlitsstofnun EFTA styðst við þá reglu að upplýsingar, sem varða veltu málsaðila, sölutölur, markaðshlutdeild og þess háttar og eru eldri en fimm ára, skuli yfirleitt ekki teljast trúnaðarmál<sup>(33)</sup>.

24. Í tengslum við málsmeðferð samkvæmt 53. og 54. gr. EES-samningsins hindrar það ekki að upplýsingar séu afhentar þótt þær séu flokkaðar sem trúnaðarmál ef þær eru nauðsynlegar til að sanna meint brot („skjal sem horfir til sektar“) eða gætu verið nauðsynlegar til að afsanna aðild að broti („skjal sem horfir til sýknu“). Þegar þannig stendur á getur þörfin á að standa vörð um rétt málsaðila til að halda uppi vörnum með því að veita sem viðtækastan aðgang að málskjöllum Eftirlitsstofnunar EFTA vegið þyngra en það sjónarmið að vernda trúnaðarupplýsingar annarra málsaðila<sup>(34)</sup>. Það er eftirlitsstofnunarinnar að meta hvort þessar aðstæður séu fyrir hendi í tilteknu máli. Slíkt mat verður að taka til allra þátta sem skipta máli, m.a. eftirtalinnna atriða:
- Hvort upplýsingarnar skipta máli um ákvörðun á því hvort brot hafi átt sér stað og hvert sönnunargildi þeirra er
  - Hvort upplýsingarnar eru ómissandi
  - Hversu viðkvæmar upplýsingarnar teljast (hvort afhending upplýsinganna gæti skaðað hagsmuni aðilans eða fyrirtækisins sem um ræðir)
  - Bráðabirgðamats á því hversu alvarlegt hið meinta brot er

Áþekk sjónarmið gilda um málsmeðferð samkvæmt 57. gr. EES-samningsins þegar Eftirlitsstofnun EFTA telur nauðsynlegt að afhenda upplýsingar í þágu málsmeðferðarinnar<sup>(35)</sup>.

25. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hyggst afhenda tiltekna upplýsingar skal gefa hlutaðeigandi aðila eða fyrirtæki kost á að leggja fram aðra gerð skjalanna sem hafa þær upplýsingar að geyma, án trúnaðarupplýsinga, enda hafi sú gerð sama sönnunargildi og upphaflegu skjölin<sup>(36)</sup>.

### C. Á hvaða tímamarki er veittur aðgangur að málskjöllum?

26. Málsaðilar eiga engan rétt á aðgangi að málskjöllum fyrir en Eftirlitsstofnun EFTA hefur tilkynnt andmælagreinargerð í samræmi við ákvæðin sem um getur í 1. mgr.

#### 1. Meðferð samkeppnismála samkvæmt 53. og 54. gr. EES-samningsins

27. Aðgangur að málskjöllum verður veittur ef eftir er leitað, og að jafnaði aðeins við eitt tilefni, eftir að Eftirlitsstofnun EFTA hefur tilkynnt málsaðilum andmæli, til þess að unnt sé að virða regluna um jafnræði málsaðila og rétt þeirra til að halda uppi vörnum. Málsaðilum er því yfirleitt ekki veittur aðgangur að viðbrögðum annarra málsaðila við andmælum eftirlitsstofnunarinnar.

Málsaðila verður þó veittur aðgangur að skjöllum sem berast á síðari stigum málsmeðferðarinnar, eftir að andmæli hafa verið tilkynnt, þegar þannig stendur á að í þeim skjöllum getur verið að finna ný sönnunargögn – hvort sem þau horfa til sakar eða sýknu – sem varða ásakanir á hendur þeim málsaðila í andmælagreinargerð Eftirlitsstofnunar EFTA. Þetta á einkum við þegar eftirlitsstofnunin hefur í hyggju að nýta sér ný sönnunargögn.

#### 2. Meðferð mála samkvæmt 57. gr. EES-samningsins

28. Í samræmi við 1. og 3. mgr. 18. gr. XIII. kafla<sup>(37)</sup> verður tilkynndum, ef eftir er leitað, veittur aðgangur að málskjöllum Eftirlitsstofnunar EFTA á öllum stigum málsmeðferðarinnar frá því að eftirlitsstofnunin tilkynnir andmæli sín allt þar til málið er borið undir ráðgjafarnefndina. Aftur á móti er í þessari tilkynningu ekki fjallað um þann möguleika að veita aðgang að skjöllum áður en eftirlitsstofnunin beinir andmælum til fyrirtækja í samræmi við ákvæði 57. gr. EES-samningsins og XIII. kafla.

<sup>(33)</sup> Sjá 35.–38. mgr. hér á eftir sem fjalla um að fyrirtæki skuli gera grein fyrir gögnum sem teljast trúnaðarmál.

<sup>(34)</sup> Sbr. 2. mgr. 27. gr. II. kafla og 3. mgr. 15. gr. III. kafla.

<sup>(35)</sup> Sbr. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan.

<sup>(36)</sup> Sbr. 42. mgr. hér á eftir.

<sup>(37)</sup> Og 1. mgr. 17. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan.

### III. SÉRSTÖK ATRIÐI SEM SNÚA AÐ KVARTENDUM OG ÖÐRUM HLUTAÐEIGENDUM

29. Þessi undirkafla varðar aðstæður þar sem Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt eða skylt að veita kvartendum í samkeppnismálum og öðrum hlutaðeigendum í samrunamálum aðgang að tilteknum skjölum í málsskjölum sínum. Þrátt fyrir orðalagið, sem er notað í reglugerðunum um framkvæmd samkeppnismála og framkvæmd samrunamála<sup>(38)</sup> er hér um að ræða tvenns konar aðstæður sem eru – að því er gildissvið, tímamörk og réttindi varðar – frábrugðnar aðgangi að málsskjölum eins og hann er skilgreindur í undirkaflanum hér á undan.

#### A. Aðgangur kvartenda í samkeppnismálum að skjölum

30. Kvartendum eru ekki tryggð sömu réttindi og sama vernd og þeim sem eru til rannsóknar<sup>(39)</sup>. Kvartendur geta því ekki krafist aðgangs að málsskjölum á sömu forsendum og málsaðilar.

31. Hafi kvartanda verið tilkynnt, í samræmi við 1. mgr. 7. gr. III. kafla, að Eftirlitsstofnun EFTA hyggist vísa kvörtun hans frá<sup>(40)</sup> getur hann þó óskað eftir aðgangi að skjölum sem eftirlitsstofnunin hefur byggt bráðabirgðamat sitt á<sup>(41)</sup>. Kvartanda verður veittur aðgangur að slíkum skjölum við eitt tilefni eftir að honum hefur verið sent bréf þess efnis að eftirlitsstofnunin hyggist vísa kvörtun hans frá.

32. Kvartendur eiga ekki rétt á aðgangi að viðskiptaleyndarmálum eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur aflað við rannsóknina<sup>(42)</sup>.

#### B. Aðgangur annarra hlutaðeigenda í samrunamálum að skjölum

33. Við meðferð samrunamála skal jafnframt veittur aðgangur að málsskjölum, ef eftir er leitað, öðrum hlutaðeigendum sem hafa fengið tilkynningu um andmælin, að því marki sem þeir þurfa á slíkum aðgangi að halda til að undirbúa athugasemdir<sup>(43)</sup>.

34. Aðrir hlutaðeigendur í þessum skilningi eru aðrir aðilar að hinni fyrirhuguðu samfylkingu en tilkynnendur, til að mynda seljandi og fyrirtækið sem yfirtekið er<sup>(44)</sup>.

### IV. TILHÖGUN AÐGANGS AÐ MÁLSSKJÖLUM

#### A. Undirbúningsvinna

35. Hverjum þeim, sem sendir Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar eða athugasemdir við einhverjar þær aðstæður, sem taldar eru upp hér á eftir, eða sendir síðar viðbótarupplýsingar vegna sömu málsmeðferðar, er skylt að tilgreina ótvírætt öll þau gögn sem teljast eiga trúnaðarmál og hvaða rök séu fyrir því, og leggja fram aðra gerð skjalanna án trúnaðarupplýsinga áður en fresturinn, sem eftirlitsstofnunin setur til að gera athugasemdir, rennur út<sup>(45)</sup>.

a) Í samkeppnismálum:

- Þegar viðtakandi andmælagreinargerðar eftirlitsstofnunarinnar leggur fram álit á andmælunum<sup>(46)</sup>
- Þegar kvartandi leggur fram álit á andmælagreinargerð eftirlitsstofnunarinnar<sup>(47)</sup>

<sup>(38)</sup> Sbr. 1. mgr. 8. gr. III. kafla, en þar er rætt um að kvartendum sé veittur „aðgangur að skjölum“ og 2. mgr. 17. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan, en þar er talað um að öðrum hlutaðeigendum sé veittur „aðgangur að málsskjölum“ að því marki sem það sé nauðsynlegt til að gera þeim kleift að leggja fram athugasemdir.

<sup>(39)</sup> Sjá að þessu leyti mál T-17/93 *Matra-Hachette SA gegn framkvæmdastjórninni*, [1994] ECR II-595, 34. mgr. Í undirrétti EB hefur fallið dómur þess efnis að réttur utanaðkomandi aðila, eins og hann er skilgreindur í 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17 frá 6. febrúar 1962 (sem nú hefur vikið fyrir 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003), sé takmarkaður við réttinn til þátttöku í stjórnsýslulegri meðferð.

<sup>(40)</sup> Með bréfi sem er gefið út í samræmi við 1. mgr. 7. gr. III. kafla.

<sup>(41)</sup> Sbr. 1. mgr. 8. gr. III. kafla.

<sup>(42)</sup> Sbr. 1. mgr. 8. gr. III. kafla.

<sup>(43)</sup> Sjá 4. mgr. 18. gr. II. kafla og 2. mgr. 17. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan.

<sup>(44)</sup> Sbr. b-lið 11. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan.

<sup>(45)</sup> Sbr. 2. mgr. 16. gr. III. kafla og 2. mgr. 18. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan.

<sup>(46)</sup> Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. III. kafla.

<sup>(47)</sup> Í samræmi við 1. mgr. 6. gr. III. kafla.

- Þegar annar einstaklingur eða lögaðili, sem óskar eftir að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og sýnir fram á nægilega hagsmuni, eða eftirlitsstofnunin leitar til um að segja álit sitt, leggur fram álit skriflega eða við munnlega skýrslugjöf<sup>(48)</sup>
  - Þegar kvartandi leggur fram álit á bréfi eftirlitsstofnunarinnar þess efnis að hún hyggist vísa kvörtun hans frá<sup>(49)</sup>
- b) Í samrunamálum:
- Þegar tilkynnendur eða aðrir hlutaðeigendur leggja fram álit á andmælum eftirlitsstofnunarinnar sem gefin hafa verið út með það fyrir augum að taka ákvörðun um beiðni um undanþágu frá tímabundinni stöðvun samfylkingar sem væri íþyngjandi fyrir einn eða fleiri þeirra, eða á ákvörðun sem tekin hefur verið til bráðabirgða í málinu<sup>(50)</sup>
  - Þegar tilkynnendur, sem eftirlitsstofnunin hefur beint andmælagreinargerð til, aðrir hlutaðeigendur, sem hafa fengið tilkynningu um þau andmæli, eða aðilar, sem eftirlitsstofnunin hefur beint andmælum til með það fyrir augum að beita sektum eða dagsektum, leggja fram athugasemdir við andmælin<sup>(51)</sup>
  - Þegar utanaðkomandi aðilar, sem óska eftir að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, eða aðrir einstaklingar eða lögaðilar, sem eftirlitsstofnunin leitar til um að segja álit sitt, leggja fram álit skriflega eða við munnlega skýrslugjöf<sup>(52)</sup>
  - Þegar aðili leggur fram upplýsingar í samræmi við ákvæði 11. gr. XIII. kafla
36. Eftirlitsstofnun EFTA getur jafnframt krafist þess af fyrirtækjum<sup>(53)</sup>, hvenær sem þau leggja fram eða hafa lagt fram skjöl, að þau geri grein fyrir þeim skjölum eða þeim köflum skjala sem þau telja hafa að geyma viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem tilheyra þeim, og tiltaki þau fyrirtæki sem gæta ber trúnaðar við að því er varðar slík skjöl<sup>(54)</sup>.
37. Til þess að greiða fyrir skjótri meðferð krafna um trúnaðarmeðferð, sem um getur í 36. mgr. hér á undan, kann Eftirlitsstofnun EFTA að setja fyrirtækjunum frest til að: i) rökstyðja kröfuna um trúnaðarmeðferð með tilliti til hvers einstaks skjals eða kafla í skjali; ii) senda eftirlitsstofnuninni aðra gerð skjalanna án trúnaðarupplýsinga, þ.e. gerð sem felldir hafa verið úr kaflar sem teljast trúnaðarmál<sup>(55)</sup>. Í samkeppnismálum skulu hlutaðeigandi fyrirtæki einnig leggja fram innan sama frests stuttorða lýsingu á sérhverjum kafla upplýsinganna sem felldur hefur verið brott<sup>(56)</sup>.
38. Sú gerð skjalanna, sem hefur ekki að geyma trúnaðarupplýsingar, og lýsingar á upplýsingum, sem hafa verið felldar brott, verða að vera með þeim hætti að hver sá, sem fær aðgang að málsskjölunum, geti áttað sig á hvort upplýsingarnar, sem felldar voru brott, geti varðað málsvörn hans, og þar með hvort nægilegar ástæður séu til að biðja Eftirlitsstofnun EFTA að veita aðgang að upplýsingunum sem taldar eru trúnaðarmál.

## B. Meðferð trúnaðarupplýsinga

39. Þegar um ræðir meðferð samkeppnismála mun Eftirlitsstofnun EFTA líta svo á að virði fyrirtæki ekki ákvæðin í 35.–37. mgr. hér á undan hafi skjölin eða yfirlýsingarnar, sem um ræðir, ekki að geyma trúnaðarupplýsingar<sup>(57)</sup>. Eftirlitsstofnunin mun þá líta svo á að fyrirtækið hafi ekkert við það að athuga að aðgangur sé veittur að skjölunum eða yfirlýsingunum í heild.

<sup>(48)</sup> Í samræmi við 1. og 3. mgr. 13. gr. III. kafla.

<sup>(49)</sup> Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. III. kafla.

<sup>(50)</sup> Sbr. 12. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan.

<sup>(51)</sup> Sbr. 13. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan.

<sup>(52)</sup> Í samræmi við 16. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan.

<sup>(53)</sup> Í samrunamálum eiga sjónarmiðin, sem lýst er hér og í eftirfarandi málsgreinum, einnig við um aðilana sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EB) nr. 139/2004).

<sup>(54)</sup> Sbr. 3. mgr. 16. gr. III. kafla og 3. mgr. 18. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan. Þetta gildir einnig um skjöl sem eftirlitsstofnunin aflar við eftirlitsaðgerðir á grundvelli 13. gr. XIII. kafla og 20. og 21. gr. II. kafla.

<sup>(55)</sup> Sbr. 3. mgr. 16. gr. III. kafla og 3. mgr. 18. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd samrunamála, sjá 9. nmgr. hér á undan.

<sup>(56)</sup> Sbr. 3. mgr. 16. gr. III. kafla.

<sup>(57)</sup> Sbr. 16. gr. III. kafla.

40. Bæði þegar um ræðir meðferð samkeppnismála og meðferð mála samkvæmt 57. gr. EES-samningsins mun Eftirlitsstofnun EFTA taka annan af tveimur eftirfarandi kostum fullnægi viðkomandi aðili eða fyrirtæki skilyrðunum sem sett eru í 35.–37. mgr. hér á undan, að því leyti sem þau eiga við:
- Fallast til bráðabirgða á kröfur sem virðast réttmætar, eða
  - tilkynna viðkomandi aðila eða fyrirtæki að hún sé að öllu leyti eða að hluta ósammála kröfunni um trúnaðarmeðferð, þegar ljóst má vera að sú krafa er ekki réttmæt.
41. Eftirlitsstofnun EFTA getur breytt síðar bráðabirgðaákvörðun sinni um að fallast á kröfu um trúnaðarmeðferð, að öllu leyti eða að hluta.
